
From: Árni Einarsson [arnie@hi.is]
Sent: 7. maí 2012 01:57
To: Nefndasvið umsagnir
Subject: Atvinnuveganefnd vegna rammaáætlunar

Alþingi
Erindi nr. P 149/2058
komudagur 7.5. 2012

Athugasemd við "Rammaáætlun"

Ég vil leyfa mér að gera athugasemd við flokkun Sveifluháls og þar með jarðhitasvæðisins í Krísuvík í nýtingarflokk. Það er eitthvað bogið við matsferil sem leiðir til eyðileggingar á slíkri náttúrperlu í vinnu sem á að leiða til sátta um virkjanastefnu. Krísuvíkursvæðið (og allt svæðið umhverfis Sveifluháls, beggja vegna) er ómissandi liður í náttúruupplifun ferðamanns á Reykjanesskaga. Þarna er það háhitasvæði sem næst er höfuðborgarsvæðinu og auðveldast að skoða í stuttri dagsferð ásamt aragrúa af merkilegum náttúrufrýrbærum tengdum eldvirkni, s.s. Grænavatni, Geststaðavatni, Augum, Kleifarvatni, Hrútagjárdyngju og Sveifluhálsi.

Reynsla mín af öðrum svæðum sem virkjuð hafa verið segir mér að jarðvarmavirkjun þarna muni eyðileggja svæðið í hugum mjög margra.

Kröfluvirkjun og Hellisheiðarvirkjun ættu að vera víti til varnaðar, en báðar þessar virkjanir hafa breytt náttúruperlum á heimsmælikvarða í verksmiðjulóðir.

Virðingarfyllst

Árni Einarsson, náttúrufræðingur
Elliðavatni
Reykjavík